

## LÖG

### um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (nálgunarbann).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 242. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „ákvæðum“ í 1. tölul. kemur: 232. gr.
- b. A-liður 2. tölul. orðast svo: Brot gegn ákvæðum 230. og 231. gr. sæta ákæru eftir kröfu þess manns sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 8. júlí 2015.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*